



LITLI SÁMUR

FRÉTTABRÉF HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS
4.tbl – Október 2015

Laugardaginn **5. september** fór fram veiðipróf á vegum **Retrierverdeildar HRFÍ**. Pófið var haldið við góðar aðstæður við Villingavatn. Sex hundar tóku þátt í prófinu. Besti hundur í BFL var Klettur, eigandi Anna Margrét Sigurðardóttir, stjórnandi Guðmundur A. Guðmundsson. Besti hundur í OFL var Ljósavíkur Hrói, eigandi og stjórnandi Magnús Skúlason. Besti hundur í ÚFL-B var Kolkuós Míla, eigandi og stjórnandi Ævar Valgeirsson. Dýrheimar, umboðsaðili Royal Canin á Íslandi og helsti styrktaraðili Retrierverdeildar HRFÍ, gaf verðlaun fyrir bestu hunda í flokkum.





Royal Canin próf **Fuglahundadeildar HRFÍ** fór fram **12.-14. september** á Áfangafelli. Margt var um manninn, bæði áhorfendur og keppendur. Dómarar voru Björn Solheim og Rolf Hamstad frá Noregi. Íslenskir dómarar voru Guðjón Arinbjörnsson og Egill Bergmann. Pétur Alan Guðmundsson var prófstjóri. Glæsilegur veislukvöldverður var á laugardagskvöldinu í boði Melabúðarinnar og mikil gleði var í mannskapnum.

Ungmennadeild HRFÍ var með keppni ungra sýnenda föstudagskvöldið **18. September** í reiðhöllinni í Víðidal. 22 ungir sýnendur tóku þátt, sex í yngri flokki 10-12 ára og 16 í eldri flokki 13-17 ára. Dómari var Svava Arnórsdóttir. Í yngri flokknum var það Elena Mist Theodórsdóttir sem bar sigur úr bytum. Eldri flokkinn sigraði Hafdís Jóna Þórarinsdóttir.



Hlýðnipróf á vegum Vinnuhundadeildarinnar fór fram föstudagskvöldið 18 september. Góð skráning var í prófið sem haldið var í Reiðhöll Fáks. Einn hundur var skráður í Bronspróf, tveir hundar í Hlýðni I próf og tveir hundar í Hlýðni II. Sá stórkostlegi árangur náðist í prófinu að Schäfer tíkin Vonziu's Asynja og eigandi hennar Hildur Pálsdóttir náðu 1. einkunn og fengu afhent **fyrsta Gullmerki félagsins**. Dómari prófsins var Þórhildur Bjarmarz og prófstjóri var Brynhildur Bjarnadóttir.



Föstudagskvöldið **18. september** fór einnig fram, á sama stað, **Hvolpasýning HRFÍ**. Dómarar voru þau Daníel Örn Hinriksson og Sóley Halla Möller. 112 hvolpar af 33 tegundum voru skráðir til leiks á aldrinum 3-9 mánaða. Fjölmargir sóttu viðburðinn og gott andrúmsloft skapaðist í höllinni. Í yngri hvolpaflokki 3-6 mánaða stóð uppi sem sigurvegari, labrador retriever rakkinn, Veiðivatna flugan Þjarkur. Í eldri flokki hvolpa 6-9 mánaða var það snögghærða schäfer tíkin, Gjóska Tófa Tignarlega, sem bar sigur úr býtum.



Hundarættarfélag Íslands hélt stórglæsilega **alþjóðlega hundasýningu** helgina **19. og 20. september**. 546 hundar af 76 tegundum voru skráðir til leiks og til landsins komu fimm dómarar frá jafnmörgum löndum til að dæma. Sýningin fór fram sem fyrr í reiðhöllinni í

Víðidal á félagssvæði hestamannafélagsins Fáks í Reykjavík. Dómararnir völdu bestu einstaklinga sinna tegunda og þótti þeim mikið til hundanna koma. Besti hundur sýningar var valinn á sunnudeginum og sigurvegari var snögghærði schäfer rakkinn, ISShCh NLW-15 Kolgrímu For Your Eyes OnlyHólm.



Augnskoðun fór fram á vegum HRFÍ dagana **19. og 20. september**. Til landsins kom danski augnlæknirinn Jens Knudsen og skoðaði 156 hunda af fjölmörgum tegundum.



Eftir langar og opinskáar umræður um áskoranir í FCI ákvað aðalfundur Evrópuhluta FCI (FCI Europe Section, General Assembly), á fundi sínum í Osló þann 7. september 2015, eftirfarandi: Fundurinn leggur til við stjórn FCI (General Committee) að hún setji á laggirnar starfsnefnd er verði falin eftirfarandi þrjú verkefni:

1. Að tryggja að regluverk FCI endurspegli andstöðu við illa meðferð á hundum og áherslu á velferð hunda.
2. Að setja fram tillögu að breytingum á atkvæðavægi og áhrifum aðildarfélaga FCI.
3. Að endurskoða regluverk FCI í þeim tilgangi að færa það nær nútímanum og auka skýrleika og gagnsæi réttinda og skyldna. Forseti FCI, hr. Rafael de Santiago, var gestur aðalfundar Evrópuhlutans og tók við yfirlýsingunni fyrir hönd stjórnar FCI. Hann staðfesti að stjórn FCI mun setja slíka starfsnefnd á laggirnar eins fljótt og auðið er.

Á döfinni:

Laugavegsganga HRFÍ verður haldin laugardaginn 10. október. Laugavegsgangan var alltaf fastur liður hjá félaginu og eru félagsmenn gífurlega ánægðir með að þessi skemmtilegi viðburður sé kominn aftur til að vera. Gengið verður frá Hlemmi kl. 13:00. Félagsmenn takið daginn frá og fjölmönnum með fallegu hundana okkar niður Laugavegin.

Bendispróf Vorstehdeildar verður haldið dagana **2.-4. október**. Það má með sanni segja að skráning í þetta próf sé framúrskarandi. Dómarar prófsins koma frá Noregi, þeir Rune Nedreboe og Rune Mikalsen. Prófstjórar verða Lárus Eggertsson og Gunnar Pétur Róbertsson. Fulltrúi HRFÍ er Guðjón Arinbjarnarson. Prófið verður haldið í nágrenni Reykjavíkur. Á laugardagskvöldið er fyrirhugað að halda sameiginlegan málsverð fyrir þátttakendur og aðra féлага í fuglahundasportinu í Sólheimakoti þar sem allir mæta með veitingar á hlaðborðið. Styrktaðilar prófsins eru Bendir, sérvöruverslun með hundavörur, Famous Grouse umboðið á Íslandi, Bío-Bú og Góa.

Síðasti skráningardagur á alþjóðlega sýningu HRFÍ 14.-15. nóvember og hvolpasýningu félagsins 13. nóvember, verður **16. október** næstkomandi.

Hlýðnipróf á vegum **Vinnuhundadeildar HRFÍ** verða **3.-4. október** á Akureyri þar sem Albert Steingrímsson dæmir og svo í Reykjavík þann **10. október** en dómari þá verður Björn Ólafsson.